

Nd.

506. Breytingartillaga

[121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 3. gr. laganna bætist:

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómannafélögum að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum.

Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerðum farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjóðmanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.